

Þróunarsjóður innflytjendamála 2013

Development Fund for Immigration Issues

Verkefni: Aðstæður innflytjenda á vinnumarkaði

Styrkþegi: Helgi Þ. Svavarsson/ Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Útdráttur:

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi haustið 2008 jókst atvinnuleysi á Íslandi og fór í sögulegt hámark árið 2009. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara var þegar verst var tvöfalt meira en almennt gerðist. Þessi munur hefur haldist að mestu leyti þó hann hafi heldur minnkað eftir því sem á líður. Þessi skýrsla varpar ljósi á ástæður þess að atvinnuöryggi er minna meðal erlendra ríkisborgara heldur en íslenskra.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að jafnræði á íslenskum vinnumarkaði er takmarkað út frá sjónarhóli erlendra ríkisborgara. Um það bil helmingur erlends vinnuafls upplifir fordóma á vinnustað sínum. Líðan í starfi og starfsánægja er frekar lítil. Mikið af erlendu vinnuafli er ekki í starfi sem er í samræmi við menntun þess.

Þegar litið er til atvinnurekenda þá telja þeir sig að jafnaði vera með litla fordóma. Einnig virðist slæm reynsla af erlendu vinnuafli koma í veg fyrir að fyrirtæki ráði aftur til sín erlent vinnuafl. Viðhorf atvinnurekenda sem hafa erlenda starfsmenn er mun jákvæðara í þeirra garð en fyrirtækja sem ekki hafa erlent vinnuafl. Helsti þröskuldur við ráðningu erlendra starfsmanna er tungumál.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er því sú að til þess að jafna stöðu erlendra ríkisborgara á Íslandi þá þarf að endurskoða hugarfar atvinnurekenda gagnvart íslenskunámi erlendra ríkisborgara. Einnig er nauðsynlegt að auka fræðslu og þekkingu stjórnenda í fyrirtækjum á fjölmenningu og þeim möguleikum sem hún býður upp á. Þriðja lagi þarf að skoða með hvaða hætti hægt er að nýta þann mannauð, sem oft er frábrugðin þeim íslenska hvða varðar menntun og hæfni, betur þannig að sú þekking og hæfni sem erlendir ríkisborgarar koma með inn á vinnumarkaðinn nýtist betur.

Rannsóknin var gerð í samstarfi við Vinnumálastofnun á Norðulandi – eystra, Alþjóðastofu Akureyrir og Samtök atvinnurekenda á Akureyri.